

innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., sbr. 6. gr. laga nr. 69/1967, nema allt að 2% af fjárhæð þeirri sem leyfi hljóðar um. Ríkisstjórn ákveður hvernig gjaldi þessu er ráðstafað.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun
til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975,
um breyting á þeim lögum.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 1. janúar 1978 nema 36,50 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

5. gr. laganna, sbr. 1. gr. l. nr. 78/1975, orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín, skal frá og með árinu 1978 greiða árlega þungaskatt til ríkissjóðs svo sem hér segir:

Fyrir bifreiðar, sem eru allt að 2 000 kg að eigin þyngd, skal greiða fast árgjald — 170 600 kr. Sé eigin þyngd bifreiðar 2 000 kg eða meiri skal gjaldið hækka um 9 750 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd bifreiðar er meiri en 2 000 kg.

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% herra en að framan greinir.

Bensíngjald skv. 1. gr. og árgjald þungaskatts skv. þessari grein skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkan sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93 31. desember 1975. Grunntaxtar bensíngjalds og árgjalds þungaskatts eru miðaðir við vísitölu 1. október 1977, þ. e. 159 stig.

Heimilt er ráðherra að láta hækkan, er hann kann að ákveða á bensíngjaldi skv. 3. mgr. þessarar greinar, ná til bensínbirgða sem til eru í landinu þegar hækkanin tekur gildi. Getur ráðherra ákveðið að þeir, sem hafa bensín til umráða er hækkan tekur gildi, séu skyldir til að tilkynna það innheimtumanni og aðstoða innheimtumann við könnun birgða sé þess óskað.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að ökumælar skuli settir á kostnað eigenda í bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín, svo og festi- og tengivagna, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar og festi- og tengivagna sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Kemur gjald þetta í stað árlegs þungaskatts skv. 5. gr. þegar bifreiðar eiga í hlut. Gjald þetta má vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið að skyldu til að hafa ökumæla megi takmarka við bifreiðar og vagna af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd) og/eða bifreiðar til tiltekinna nota. Sé bifreið, festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fullis er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldskyldan miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga á ári fyrir þungaskatt samkvæmt ökumælum svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, innsigliun, álestur og viðgerðir. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að það varði eiganda eða umráðamann viðurlögum ef eigi er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma og að slík viðurlög falli á án tilkynningar til hvers einstaks eiganda eða umráðamanns. Skulu viðurlög þessi vera tiltekin fjárhæð á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Skal innheimta þessara viðurlaga ekki falla niður enda þótt álestur fari síðar fram. Á sama hátt getur ráðherra kveðið á um, að eigandi og/eða umráðamaður skuli greiða viðurlög er samsvara tilteknum akstri á mánuði sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Ráðherra getur og heimilað að bifreið eða vagn sé tekin úr umferð sé mælir ekki settur í á tilskildum tíma eða ekki komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanyting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

Ráðherra er heimilt að ákveða að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt ökumæli sem til fellur umfram 30 000 km akstur og að 45 000 km akstri á ári, en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar sker ráðherra úr.

Sé ökumælir misnotaður, innsigli á honum rofið eða önnur brot framin gegn reglugerð, sem ráðherra kann að setja samkvæmt þessari grein, varðar það sektum allt að 500 000 kr. auk viðurlaga og dagsekta skv. 2. mgr. nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Í stað 4. mgr. 10. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar er verði 4. og 5. mgr. og orðist svo:

Sé þungaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Þungaskattur, dagsektir og viðurlög hafa lögtaksrétt. Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 1. janúar 1978. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. l. nr. 79/1974, sbr. reglugerð nr. 272/1977, verið greitt af birgðum, sem til eru þann 1. janúar 1978, skal greiða 13,22 kr. af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá sem á eða hefur til umráða yfir 300 lítra af bensíni þann 1. janúar 1978 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensininnflytjendum og bensín-sólum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. janúar 1978.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Nr. 79.

31. desember 1977.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, sbr. breyting á þeim lögum nr. 98 31. des. 1974, um löndun á loðnu til bræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við fyrri málsgrein 2. greinar bætist:

Nefndinni er heimilt að stöðva löndun um takmarkaðan tíma á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur, án tillits til móttökugetu þeirra. Þó er nefndinni skylt að leyfa löndun í einstakar verksmiðjur á ákveðnum svæðum ef öryggi skips eða skipshafnar krefur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.